

LION



Íslensk útgáfa

www.lions.is

blað nr. 334

nóvember 2022



We Serve

Nóvember 2022. Blað nr. 334

THE LION IN ICELANDIC

Fjölumðæmi 109

Multiple District 109 Iceland

Opinbert málgagn Lions Clubs International, gefið út í umboði alþjóðastjórnar Lions á tuttugu tungumálum: Dönsku, ensku, farski, finnsku, flæmsku, frönsku, grísku, hollensku, íslensku, ítölsku, japönsku, kínversku, kóresku, norsku, portúgölsku, spænsku, sænsku, tælensku, tyrknesku og þýsku. Þrjátíu Líonsblöð eru gefin út í heiminum.

Útgefandi LION á íslensku:

FJÖLUMDÆMI 109

Tímaritið Lion kemur út sex sinnum á ári, tvö prentuð blöð en fjögur í netútgáfu. Öll blöð eru gefin út í netútgáfu.

Lionsskrifstofan, Hlíðasmári 14, 201 Kópavogur er opin alla virka daga frá kl. 09.00 til 15.00


Sími: 561 3122, Fax: 561 5122, e-mail / netfang: lions@lions.is

Heimasíða Lions: lions.is

Skrifstofustjóri: Kolfinna Guðmundsdóttir




Fjölumðæmisstjórn:



Kristófer Tómasson, fjölumðæmisstjóri. Kristófer er félagi í Lionsklúbbum Geysi. Ef þú þarft að hafa samband við hann þá er netfang hans: kristofer.tomasson@gmail.com



Viðir Guðmundsson, umdæmisstjóri í 109 A. Viðir er félagi í Lionsklúbbum Garði og er með tölvupóstfangið vidir27@gmail.com



Sigurður Steingrímsson, umdæmisstjóri 109B. Sigurður er félagi í Lionsklúbbum Vitaðsgjafa í Eyjafjarðarsveit. Netfang Sigurðar er sigurdur.steingrims@simnet.is

FJÖLUMDÆMISRÁÐ FJÖLUMDÆMIS 109

Starfsárið 2022 – 2023

Fjölumðæmisstjóri: Kristófer Tómasson, Lkl. Geysir

Umdæmisstjóri 109A: Viðir

Guðmundsson, Lkl. Garður

Umdæmisstjóri 109B: Sigurður

Steingrímsson, Lkl. Vitaðsgjafi

Fjölumðæmisritari: Guðmundur Helgi

Gunnarsson, Lkl. Fjörgyn

Fjölumðæmisgjaldkeri: Stefán Árnason,

Lkl. Vitaðsgjafi

Fráfarandi fjölumðæmisstjóri: Þorkell

Cýrusson, Lkl. Viðarr

Vara fjölumðæmisstjóri: Sigríð

Andradóttir, Lkl. Æsa

Protokol- og þingstjóri: Kristinn

Hannesson, Lkl. Viðarr

Alþjóðasamskiptastjóri: Jónas Yngvi

Ásgrímsson, Lkl. Dynkur

Kynningarstjóri: Niels Bjarki Finsen,

Lkl. Laugardals

Umhverfisstjóri: Jóhanna

Thorsteinsson, Lkl. Eir

Ritstjóri Lion og heimasíðu: Þorkell

Cýrusson, Lkl. Viðarr

Netstjóri: Sigríður Guðmundsdóttir,

Lkl. Úa

GLT stjóri (menntun og leiðtoga-

þjálfun): Halldór Kristjánsson,

Lkl. Ásbirni

GMT stjóri: (útbreiðsla og fjölgun): Jón

Pálmason, Lkl. Viðarr

GMT/konur í Lions: Thelma

Kristinsdóttir, Lkl. Eden

GST stjóri: (verkefni) Bragi Ragnarsson,

Lkl. Mosfellsbæjar

NSR-AU nefndarmaður: Jón Pálmason,

Lkl. Viðarr

NSR Coordinator: Björg Bára

Halldórsdóttir, Lkl. Rán

Heilbrigðisstjóri: Jón Bjarni

Þorsteinsson fyrrv.

Alþjóðastjórnarmaður,

Lkl. Mosfellsbæjar

Hjálparstjórnastjóri: Hördur

Sigurjónsson, Lkl. Njörður

Ungmennaskiptastjóri: Pálmi

Hannesson, Lkl. Garður

Laganevnd (form.): Björgúlfur

Þorsteinsson, Lkl. Hafnarfjarðar

LCIF stjóri: Björn Guðmundsson,

Lkl. Hængur

LCIF/IPIP: Guðrún Björt Yngvadóttir,

Lkl. Eik

Medic Alert stjóri: Laufey

Jóhannsdóttir, Lkl. Eik

Menningarstjóri: Sigríð Andradóttir,

Lkl. Æsa

Formaður Kjaransorðunefndar. Björg

Bára Halldórsd., Lkl. Rán

Formaður þingnefndar: Anna Blöndal

Lkl. Ylfa

Skoðunarmaður (aðal): Þorleifur

Sigurðsson, Lkl. Ásbirni.

Skoðunarmaður (aðal): Benjamín

Jósefsson, Lkl. Akranesi

Skoðunarmaður (vara): Halldóra J.

Ingibergsdóttir, Lkl. Eik

Skoðunarmaður (vara): Kristín

Þorfinnsdóttir, Lkl. Embla

Varaumðæmisstjóri 109A: Friðrik A.

Hansen, Lkl. Fjörgyn

Varaumðæmisstjóri 109B: Baldur Ingi

Karlsson, Lkl. Hængur

Varaumðæmisstjóri (annar) 109A:

Inga Lóa Steinarsdóttir, Lkl. Freyja

Varaumðæmisstjóri (annar) 109B:

Arnar Hrólfsson, Lkl. Bjarmi

Framkvæmdastjórn

Lionshreyfingarinnar 2022 – 2023:

Alþjóðaforseti Brian E. Sheehan,

United States;

Fyrverandi alþjóðaforseti Douglas X.

Alexander, United States; Vara

alþjóðaforseti, Dr. Patti Hill, Canada;

Annar vara alþjóðaforseti Fabricio

Oliveira, Brazil;

Þriðji vara alþjóðaforseti A.P. Singh,

India.

Alþjóða stjórnarmenn á öðru ári:

Elena Appiani, Italy;

K. Vamsidhar Babu, India;

Teresa Dineen, Ireland;

Pai-Hsiang Fang, China Taiwan;

Jeffrey R. Gans, United States;

Efren Ginard, Paraguay;

Je-Gil Goo, Korea;

Mats Granath, Sweden;

Ken Ibarra, United States;

Daisuke Kura, Japan;

Dr. Vinod Kumar Ladia, India;

Kenji Nagata, Japan;

Dr. Dianne J. Pitts, United States;

Allen Snider, Canada;

Ernesto Tijerina; deb Weaverling,

United States;

John W. Youney, United States.

Alþjóðastjórnarmenn á fyrsta ári:

Ben Apeland, United States;

Jitendra Kumar Singh Chauhan, India;

Barbara Grewe, Germany;

Jeff Changwei Huang, China;

Tim Irvine, Australia;

Ron Keller, United States;

Gye Oh Lee, Korea;

Robert K.Y. Lee, United States;

R. Mathanagopal, India;

Manoel Messias Mello, Brazil;

Jay Moughon, United States;

Chizuko Nagasawa, Japan;

Dr. Ahmed Salem, Egypt;

Samir Abou Samra, Lebanon;

Pirkko Vihavainen, Finland;

Jürg Vogt, Switzerland;

Lee Vrieze, United States.

Netblað

Umbrot: Litlaprent ehf.

Forsíðumynd: Norðurljós í Hveragerði

– Ljósmyndari Bryndís Ragnarsdóttir.



Ritstjórnargreinin

Komið sælir ágætu lionsfélagar og aðrir lesendur. Þá er annað tölublað þessa starfsárs komið út. Þetta blað er netblað eingöngu og því mun desemberblaðið okkar verða prentað blað. Efni í blaðinu er fjölbreytt að vanda þó ég sakni þínulítið greina frá fleiri klúbbum og embættismönnum. Ég skora á ykkur að lesa vel yfir blaðið því þar er margt áhugavert.

Ég bодаði í síðustu ritstjórnargrein breytingar á útgáfunni með það í huga að auka fjölbreytileika efnisins í blaðinu. Eftir nokkra yfirlegu þá ákvað ég að fara hægt í sakirnar en engu að síður að gera breytingar. Í veturn hef ég ákveðið að fara fram á það við GAT að hvert og eitt teymi skrifi amk tær greinar í ákveðin blöð, önnur um málefni teymis og hin greinin fjárls.

Ákveðið að fara eftir stafrófsröð og í þessu blaði er það því GLT (fræðslu- og leiðtoga-teymið) teymið sem sér um skrifin. Í febrúarblaðinu er það svo GMT teymið (félagateymið) og í apríl/máí blaðinu er svo komið að GST (verkefnateyminu).

Efni þessa blaðs er hefðbundið, greinar frá klúbbum, minningar um látna félaga, greinar frá embættismönnum, svokallaðar skyldugreinar frá alþjóðastjórn ofl.

Ég minni á að í desemberblaðinu verður auglýsing um laus embætti í hreyfingunni á Íslandi og skora ég á ykkur að skoða vel það sem er í boði og bjóða krafta ykkar fram til leiðtogastarfa því hreyfingin á Íslandi þarf fleiri leiðtoga til starfa til að fá fleiri sjónarmið inn í starfið. Að minnsta kosti losna tvö stór embætti fyrir utan hefðbundnu embættin okkar en það eru þing- og prótókólstjóri hreyfingarinnar á Íslandi sem og embætti OC (AU) sem er embætti í tengslum við norrænt samstarf og er sá aðili fulltrúi Íslands í nefnd sem starfar í 5 ár á vegum NSR.

Að lokum þakka ég öllum þeim sem sendu inn greinar í blaðið og eins til þeirra sem komu að útgáfu þessa blaðs.

Netfang Lionsblaðsins er: lbl@simnet.is

Með lionskveðju, Þorkell Cýrusson ritstjóri

Hreykinn að vera lionsfélagi

Pistill Alþjóðaforseta



Ég er hreykinn að vera frá Bird Island. Ég er hreykinn að vera sonur og faðir. En ég er mest hreykinn af hlutverki mínu sem lionsfélagi. Hér á Bird Island þekja allir okkur. Þetta er lítið byggðarlag og klúbburinn okkar hefur gert okkur sýnileg á marga vegu, þekktastir erum við þó fyrir byggingu á stórum Hafnaboltavelli hér á staðnum. En einnig af öðrum smærri verkefnum.

Þú þarft ekki endilega að gera stóra hluti til að hafa áhrif í byggðarlagi þínu.

Lions skiptir máli í hvert skipti sem þeir þjóna byggðarlaginu, hvort það eru matarveitingar, taka þátt í Friðarveggspjaldakeppninni, koma af stað bæjargarðssvæði, eða reiða fram skemmtilegar máltíðir á bæjarhátíðinni. Þegar kemur að því að sýna hversu hreykin þið eru af bæjarfélaginu þá er um að gera að sýna sig.

Vera til staðar fyrir byggðarlagið til að leggja lið þeim hlutum sem skipta máli fyrir klúbbinn og byggðarlagið. Vera í lionsgallanum þegar þið gerið hlutina og taka myndir til að setja í fjölmiðla. Og láta spyrjast að þið eruð Lions og við erum hér til að hjálpa til, og við erum hreykin af að þjóna.

Eigið öll góðan dag

*Brian Sheehan
Alþjóðaforseti Lionshreyfingarinnar
Þýðing: Geir Hauksson*



LCIF – Alþjóða hjálparsjóður Lions

Campaign 100 lauk á síðasta ári og ánægjulegt að markmiðin sem sett voru náðust – þrátt fyrir að breyta þyrfti um takt vegna Covid. Nú setjum við okkur ný markmið og við í LCIF teyminu höfum ákveðið að beina kröftunum að afmörkuðum verkefnum innan kjarnaverkefna Alþjóða hjálparsjóðsins. Við teljum að íslenskir lionsfélagar vilji helst styðja við neyðaraðstoð vegna hamfara. Það eru aðstæður sem við þekkjum á eigin skinni og höfum fengið aðstoð frá sjóðnum í slíkum tilfellum. Tilmæli okkar til klúbbanna eru að þeir beini framlögum sínum þangað en að sjálfsgöðu er ákvörðunin hjá klúbbfélögum. Við getum einungis lýst áherslum sem við höfum sett fram.

Hörmungarnar í Úkraínu virðast engan enda ætla að taka og mikill fjöldi fólks er á vergangi. LCIF veitir styrki til Lionsklúbba sem styðja úkraínska flóttamenn sem hafa flúið stríðsátökin til annara landa. Styrki sem munu gera Lions kleift að sinna fjölbreyttum þörfum flóttafólks. LCIF hefur einnig styrkt Lionsklúbba í Úkraínu til að mæta brýnum þörfum fólks sem er áfram í landinu.

Vilji íslenskir Lionsklúbbar styrkja sérstakt



verkefni hjá LCIF, þá er tillaga okkar að styðja við fórnarlömb Úkraínustríðsins.

Við bendum klúbbum á að ef við veljum stakt verkefni þá eigum við ekki rétt á 15% endurgreiðslu til okkar málefna.

Við höfum sett okkur markmið að safna 50\$ á hvern Lionsféлага en það er í samræmi við markmið sjóðsins á alþjóðavísu. Við hvetjum klúbba og alla lionsfélaga að leggja sitt að mörkum til að efla LCIF, Alþjóða hjálparsjóð Lions. Þetta er sjóðurinn okkar og það er í okkar höndum að halda honum sterkum. Hver króna sem greidd er til sjóðsins fer út til verkefna, þ.e. ekkert af söfnunarfénu fer til rekstrar sjóðsins.

Í hvað fara peningarnir:

<https://www.lionsclubs.org/en/blog/united-through-kindness>

<https://www.lionsclubs.org/en/resources-for-members/resource-center/humanitarian-crisis-ukraine#updates>

Með Lions kveðju

*Björn Guðmundsson
Geirþrúður Fanney Bogadóttir
Anna Fr. Blöndal*

Skilafrestur á efni í næsta blað er 1. desember

Verkin kalla – það er ævinlega þörf fyrir Lions

Kristófer Tómasson

Fjölumdæmisstjóri



Að undanfögnu hefur undirritaður lagt sig nokkuð fram um að hlusta eftir rödd hins almenna lionsfélaga. Ég haft ánægju af þeim samtölum.

Hvers vegna Lions – munar eitthvað um okkur?

Ég skynja mjög vilja lionsfélaga til að leggja málum lið. Samfélagið og veröldin þarfnast þeirra krafta sem lionsshreyfingin býr yfir nú sem endranær. Kraftar okkar eru ekki síst knúnir áfram af samtakamætti og góðu hjartalagi. Ef til vill finnst einhverjum hér vera væmni á ferð, það gerir ekkert til. Ég vek athygli á þessum kröftum af alvöru, full ástæða til þess nú á tímum. Mér finnst ég skynja það hjá mörgum félögum að þörf til að koma að góðum verkum hafi á vissan hátt safnast upp í heimsfaraldrinum. Menn og konur í röðum lionsmeðlima hafa sagt við mig að þau hafi spurt sig nokkuð um tilgang þess að taka þátt í lionsstarfinu. Svarið er gjarnan á þann veg að fólk vill koma að liði. Auk þess að hafa af því ánægju að vera í félagsskapnum. Stundum spyr ég sjálfan mig, munar nokkuð um einhverjar krónur sem ég eða klúbburinn minn leggur til góðra mála? En ég svara mér um hæl og segi já, það munar svo sannarlega um allt. Margt smátt gerir eitt stórt og jafnvel risastórt. Sjáið aflið í Alþjóða hjálparsjóðnum. Hvar væri veröldin á hans. Við eigum líka íslenskan sjóð sem við þurfum að muna eftir.

Hvar getum við komið að liði?

Í heimsbólunum eru blikir á lofti, mjög alvörubrunnar. Er ég þar að horfa fyrst og fremst á hið hörmulega stríð sem geisar í Úkraínu. Yfirvofandi loftslagshamfarir virðast verða raunhæfari með hverjum deginum. Það er reyndar nokkuð á reiki hversu alvarleikinn er mikill í þeim efnum. Ekki er ég dómbær á það, en dreg ekki í efa kenningar um að afleiðingar verði alvarlegar.

Hér innanlands hafa tveir vágestir verið mjög í samfélagsmæðunni að undanfögnu. Sú umræða er mjög þörf. Annars vegar er ég að tala um einelti og hins vegar fjölda sjálfsvíga. Hvorttveggja eru það hörmungar sem enginn vill standa frammi fyrir og gjarnan hefur verið forðast að ræða. Það verður að teljast framför að verið sé að svifta hulunni af þessum málum. Afleiðingarnar geta snert mun fleiri en þá sem verða fyrir eineltinu eða taka sitt líf.

Það er alltaf hægt að gera heilbrigðiskerfinu betri skil. Í mínum huga er það nokkurskonar flaggskip okkar lionsfólks hér á landi hvað við höfum myndarlega þar við sögu. Það á bæði við á landsvísi sem í einstökum héruðum.

Hér hef ég nefnt dæmi nokkur málefni sem mikil þörf er á að styðja við. Lionsfólk getur komið að þessum málum með einum og öðrum hætti. Ekki endilega með fjárútlátum. Margt annað er lionsféögum tamt að styðja. Má þar nefna heilsverndarmál ýmiskonar svo sem sjónvernd og blóðsykurmælingar. Ég hef áður nefnt áhuga minn á að koma einmanna eldri borgurum til stuðnings.

Verkefni og öflun fjár

Hin hliðin á peningnum er hvaða leiðir eru heppilegar til að afla fjár til góðra mála. Hin síðari ár hefur samkomuhald ýmiskonar verið árangursríkt til öflunar fjár. Móttökur við fjáröflunarsamkomum ýmiskonar hafa farið fram úr mínum björtustu vonum. Persónuleg reynsla mín úr mínum klúbbi af slíku samkomuhaldi er afar jákvæð. Ég þekki nokkuð vel til slíkra mála í öðrum klúbbum. Enn fremur held ég að vinna klúbbsfélaga við slíkar samkomur styrki starfið í klúbbnum.

Blóðsykurmælingar í nóvember

Ekki snúast öll verkefni um peninga. Þar vil ég nefna blóðsykurmælingarnar. Mánuður sykursýkisvarna er að renna upp, áhersludagurinn er 14 nóvember og hvet ég klúbba mjög til að láta til sín taka í þeim efnum. Æskilegast er að óska eftir plássi á almenningstöðum einhvern laugardag í nóvember, en almenn jákvæðni hefur verið fyrir að veita slíka aðstöðu. Okkur verður úthlutað strimlum sem vonandi duga okkur. Í þessum málum skiptir máli að vera með ekki endilega að mæla stóran fjölda. Í gegnum árin hefur sannarlega munað um okkur með blóðsykurmælingunum. Ég held að ég geti fullyrt að mannlífum hafi verið bjargað með þessu framtaki lionsfólks.

Góðar óskir

Starfsárið fer að mínu mati vel af stað. Það komu ferskir vindar með alþjóðaforseta og hans konu í byrjun september. Fjölumdæmisráð og umdæmisstjórnir héldu fundi að Laugum í Sælingsdal í lok september. Að mínu mati tókust fundirnir vel og skynjaði ég mikinn hug í manskapnum. Næsti fundur fjölumdæmisráðs verður haldinn laugardaginn 19. nóvember í Lionsheimilinu, hann hefst kl. 13.00. Fyrir hádegi verða umdæmisstjórnarfundir.

Enn og aftur vil ég óska lionsfólki alls góðs og geri ég mér góðar vonir um árangursríkt starfsár. Verið ófeimin við að hafa samband við undirritaðan ef tilefni er til.



**NÝIR MODEL KLÚBBAR HAFNA FREST
TIL 30. JÚNÍ 2025 TIL AÐ LJÚKA GREIÐSLUM.**

Það sem við lærðum í Covid

Jóhanna Thorsteinson

Umhverfisstjóri MD 109



Þegar lítið er til baka síðustu tvö árin má með sanni segja að þau hafi verið lærdómsrík. Vissulega tók faraldurinn sinn toll, margir klúbbar eru enn að ná vopnum sínum og sumir urðu fyrir miklum skakkaföllum. Verst kom þetta niður á þeim klúbbum þar sem tæknikunnáttan er hvað lökust.

Við sem stóðum í brúnni þá sem umdæmisstjórar og fjöllumdæmisstjórar reyndum að stíga ölduna og halda áfram, þó verulega blési á móti. Okkur tókst ekki að koma í verk nema

mjög takmörkuðu af því sem við höfðum einsett okkur. En, lífið heldur sannarlega áfram!

Lærdómur LIONS í heimsfaraldri

Það er gömul saga og ný að þegar aldur færast yfir okkur þá viljum við gjarnan hafa frjálssari tíma. Hættum að þurfa að mæta í vinnu á ákveðnum tíma, við bara ráðum tímanum okkar sjálf. Sumir kjósa að verja myrkustu mánuðum vetrarins á suðlægari slóðum. Á meðan eru þeir fjarri klúbbfélögunum og vinum. Og raunar er talsverður hópur Íslendinga suður á Spáni sem kys að halda þar til yfir veturinn. En hvers vegna þurfa klúbbfélagar á suðlægari slóðum að missa af klúbbfundunum sínum? Núna vitum við það. Það er algerlega óþarft! Við höfum nefnilega lært að halda fjarfundi. LIONS hefur haldið sig við Zoom forritið og það er vissulega mjög gott forrit með alls konar krúsidúllufidusum sem undirritaðri finnst nú ekki mikilvægt að nýta sér í hefðbundnu klúbbformi. Og ef fundur á Zoom á að standa lengur en 40 mínútur, þá kostar það nokkrar krónur. Margir aðrir hafa nýtt sér Teams forritið sem er frá Microsoft. Það kostar ekki neitt. Tók undirritaða nokkrar mínútur að átta sig á því umhverfi sem í grunninn er áþekkt Zoom. Og það virkar mjög vel.

Að vera með á klúbbfundi

Undirritað bý á Vopnafirði. Er þar með lögheimili. Keyri gjarnan milli landshluta stundum tvisvar í mánuði. Fyrir síðasta klúbbfund okkar kom fram sú ósk að hægt yrði að fylgjast með fundinum á netinu. Og gjarnan geta tekið þátt í umræðum ef þess væri kostur.

Skemmst er frá því að segja að ungi ritarinn okkar skellti bara upp Teams, bauð undirritaðri til fundarins. Þar með var hægt að taka þátt í fundinum sem var bæði fróðlegur og skemmtilegur.

Og þá kviknaði sú hugmynd að Fjöllumdæmið kæmi upp fjarfundarbúnaði í félagsheimilinu okkar í Hlíðasmáranum. Við þyrftum myndavél og hljóðnema. Það þarf ekki að taka fundina upp, við skrifum fundargerð eins og venjulega. Það væri reglulega gaman að fá upplýsingar um kostnað við slíkt. Allur hópurinn gæti þá fundað saman, hvort heldur sem væri í fundarsal eða að heiman.

Frætínsla hjá Lionsklúbbi Þernunar

Farið var í birkifrætínslu á vegum Lionsklúbbsins Þernunnar þann 30. sept. Ágætis veður var og þótti þetta nokkuð góð útivera hjá þeim konum sem voru að tína. Farið var í Tröð sem er trjálundur hér á Hellissandi. Eitthvað minna var um birkifræ en þá var bara að tína önnur trjáfræ og köngla með. Síðan var farið með það á lítið gróið land fyrir ofan þéttbýlið á Hellissandi. Vonandi eigum við einhvern tímann eftir að sjá þar fallegan og skjólgóðan trjálund. Ef ekki við þá komandi kynslóðir.



Birna Sigurðard.



Fjölbreytt fræðsla hjá Lions

Halldór Kristjánsson

GLT MD109, LCIP



Við í fræðsluteymi Lions leggjum áherslu á að bjóða almennum lionsfélögum sem og verðandi stjórnendum Lions nám sem er gagnlegt, skemmtilegt og styrkir þátttakendur við fjölbreytt verkefni sem þeir taka sér fyrir hendur. Á hverju ári sækja vel á þriðja hundrað námskeið sem eru haldin af fræðsluteyminu.

Stjórn fræðsluteymisins er skipað fræðslustjóra fjöllumdæmisins og fræðslufulltrúum umdæmanna tveggja 109A og 109B. Margir aðrir koma að fræðslumálum Lions, jafnt hér innanlands sem erlendis. Er þar helst að nefna leiðbeinendur sem leggja á sig mikla vinnu við að undirbúa og halda námskeiðin sem í boði eru en einnig einstaklinga sem leggja lið með öðrum hætti. Þá er nokkur fjöldi erlendra Lions námskeiða þýddur og haldinn hér á landi.

Verður nú gerð grein fyrir helstu verkefnum fræðsluteymisins.

Stjórnendaskólinn

Mikil áhersla er lögð á að formenn klúbba, ritara og gjaldkerar sækja námskeið á þingum á vorin til undirbúnings vetrarstarfinu næsta starfsárs og til að kynna nýjungum í lionsstarfinu. Einnig eru námskeið haldin á þingum fyrir svæðisstjóra. Í upphafi vetrarstarfs á haustin eru boðin upprifjunarnámskeið ef þörf er á og ber þar helst að nefna ritarnámskeið. Fræðsluteymið er einnig innan handar fyrir þessa stjórnendur ef spurningar vakna þegar á hólminn er komið.

Umdæmisstjóraskólinn

Þjálfun verðandi umdæmisstjóra er þrískipt. Í fyrsta lagi vinna þeir heimaverkefni og sækja netnámskeið (sjálfsnám) í kennslumiðstöð Lions á netinu (Lions Learning Center (LLC)). Yfirleitt er um að ræða 14-16 námskeið sem

sótt eru með þessum hætti og 4-5 heima-verkefni.

Í öðru lagi sækja þeir þriggja daga námskeið til St. Charles, nálægt höfuðstöðvum Lions í USA, þar sem hópstjórar (Group Leaders) sjá um alla kennslu. Hópstjórnarnir bera jafnframt ábyrgð á öllu námi umdæmisstjóranna og eru skipaðir til árs í senn. Er þeir 30 talsins í heiminum. Veita þeir verðandi umdæmisstjórum margs konar fræðslu, aðstoð og stuðning allt starfsárið og fylgja þeim á alþjóðafþing þar sem þeir taka formlega við embætti að loknu eins dags námi á þingi.

Ég hef verið hópstjóri skandinavísku umdæmisstjóranna síðastliðin tvö ár og á þessu ári þeirra íslensku einnig. Þeir einir geta verið hópstjórar sem eru með LCIP gráðu (sjá síðar).

Loks heldur fjöllumdæmið fimm námskeið hér heima fyrir varaumdæmisstjórana. Allt í allt sækja varaumdæmisstjórnarnir því um 30 námskeið auk heimaverkefnanna. Þeir eiga því að vera vel undirbúnir þegar þeir taka við starfi umdæmisstjóra að loknu ári sínu sem varaumdæmisstjórar.

Almenn námskeið

Fræðsluteymið stendur einnig fyrir námskeiðum sem ætluð eru almennum lionsfélögum á tímabilinu frá september til maí á hverju ári. Námskeiðin eru ýmist staðnámskeið, haldin á netinu eða farið með námskeið á klúbb- og svæðisfundum sé óskað eftir því. Alls konar námskeið eru í boði sem gagnast í lionsstarfinu og er langt mál að telja þau öll upp en upplýsingar um þau námskeið sem boðin eru má finna á vefnum lions.is.

Leiðtogaskólinn

Leiðtogaskóli Lions, RLLI, hefur nú verið starfræktur hér á landi í nærfellt 20 ár og hafa vel á sjötta hundrað lionsfélaga sótt Leiðtogaskólann frá upphafi. Að mestu er byggt á efni frá alþjóðaskrifstofunni sem er þýtt og aðlagð en einnig innlent efni. Á Leiðtogaskólanum er lögð áhersla á að miðla þekkingu sem styrkir þátttakendur sem einstaklinga og stjórnendur jafnt í starfi sem félagsmálum. Mörg stéttarfélög styðja félagsmenn sína til náms í Leiðtogaskólanum.

Fjallað er ítarlega um Leiðtogaskólann annars staðar í blaðinu en hann er venjulega haldinn að vori.

Institutes

Öllum Lionsfélögum gefst kostur á að sækja svokölluð Institute en það eru 3-4 daga alþjóðleg námskeið sem haldin eru í einhverju Evrópulandanna á hverju ári. Um er að ræða námskeið sem efla einstaklinga sem stjórn-

endur og leiðbeinendur. Hér fer stutt lýsing á hverju þeirra en áhugasömum skal bent á að leita frekari upplýsinga á <https://lionsclubs.org>.

- **Emerging Lions Leadership Institute (ELLI)** er ætlað sem námsbraut til að undirbúa Lions- og Leófélagu fyrir leiðtogastörf í klúbbum. Umsækjendur geta verið þeir sem hafa setið í nefnd í klúbbi en hafa ekki enn lokið kjörtímabili sem formaður klúbbs. Varaformenn klúbba eru eindregið hvattir til að sækja þetta námskeið.
- **RLLI Regional Lions Leadership Institute (RLLI)** er fyrir þá sem vilja taka að sér leiðtogastörf í hreyfingunni og er oft sérsníðið að þörfum hvers lands eða svæðis. Hér köllum við þetta nám Leiðtogaskólann. Verðandi stjórnendur klúbbs eru hvattir til að sækja þetta nám.
- **Advanced Lions Leadership Institute (ALLI)** er fyrir þá sem eru lengra komnir og vilja þróa frekari leiðtogahæfileika og er gott framhald Leiðtogaskólans. Námið hentar þeim sem hafa lokið farsælu kjörtímabili sem formenn klúbbs og hafa löngun til að verða leiðtogar á svæðis- og umdæmisstigi.

Þjálfun fyrir Lions kennara og leiðbeinendur:

- **Faculty Development Institute (FDI)** er nám þar sem lögð er áhersla á þekkingu til að þjálfa á klúbb-, svæðis- og umdæmisgrundvelli. Lögð er áhersla á kennslu full-orðinna, umsjón og undirbúning námskeiða og tækni sem gagnast við kennslu á staðarnámskeiðum. 4 Íslendingar hafa lokið FDI námi.
- **Lions Certified Instructor Program (LCIP)** er fyrir þá sem vilja kenna á alþjóðavettvangi, þar með talið sem hópstjórar við þjálfun verðandi umdæmisstjóra. Gerð er krafa um fyrri reynslu af kennslu á Lions námskeiðum og/eða reynslu af kennslu fullorðinna. Námssefninu er ætlað að auka við fyrirliggjandi þekkingu og hámarka getu til að kenna fullorðnum.

Nám á netinu

Á alþjóðavefnum, <https://www.Lionsclubs.org>, er hægt að sækja úrvalsnámskeið hjá Lions Learning Center (LLC) og eru þar í boði fjöldamörg námskeið á mörgum tungumálum, þó ekki á íslensku. Um er að ræða sjálfsnám t.d. fyrir umdæmisstjóra, svæðisstjóra, formenn, ritara og gjaldkera.

Þá má geta þess að allt námsefni Stjórnendaskólans er aðgengilegt á slóðinni <https://www.lions.is/is/raedsla-2> og geta stjórnendur klúbba og svæði nálgast þar öll þau gögn sem lögð eru fram á formanna-, ritara-, gjaldkera-

og svæðisstjórnaskólunum auk þess sem nokkur myndbönd eru aðgengileg þar. Um er að ræða glærur, handbækur, eyðublöð og margt annað gagnlegt.

Hverjir eru í fræðsluteyminu

Þessir einstaklingar mynda fræðsluteymið á þessu starfsári:

Halldór Kristjánsson, fræðslustjóri fjöluumdæmis 109 (GLT MD109=, halldor@tv.is/893 0090

Thelma Kristinsdóttir, fræðslufulltrúi

umdæmis 109 A (GLT 109A) thelmaros81@gmail.com/6595151

Sigríður Guðmundsdóttir, fræðslufulltrúi umdæmis 109 B (GLT 109B), sigud69@gmail.com/8637996

Hvar finn ég námskeið

Allar upplýsingar um þau námskeið sem eru í boði á hverjum tíma má finna á vefsíðunni <https://www.lions.is/is/vidburdir> þar sem einnig er að finna aðra áhugaverða viðburði á vegum Lions.



Lionsklúbbur Hveragerðis



© Vilmundur Kristjánsson

Stjórn starfsársins Birgir S. Birgisson formaður, Daði V. Ingimundarson ritari og Hrafn H. Sigurðsson gjaldkeri.

53. starfsár Lionsklúbbs Hveragerðis er nú hafið af miklum krafti. Stjórn starfsársins 2022-23 skipa; Birgir S. Birgisson formaður, Daði V. Ingimundarson ritari og Hrafn H. Sigurðsson gjaldkeri.

Þegar er búið að halda tvo fundi. Á fyrri fundinum var farið yfir starfsárið sem verður viðburðaríkt og þar gengu inn 4 nýir félagar í klúbbinn. Á þeim seinni á Hótel Örk var Sævar Helgi Bragason, öðru nafni Stjörnu-Sævar, með fyrirlestur um heima og geima. Meðal atburða á vegum klúbbana í vetur má nefna Jólaballið á Örkinni annan dag jóla og tónleika í Hveragerðiskirkju í aðdraganda páska.

Með Lkl. Hveragerðis fundar einnig Lkl. Þorlákshafnar.

Ef þú hefur áhuga á að kynna þér starf klúbbana, má hafa samband við Birgi formann í síma 893-4190 eða figus@simnet.is.

Með lionskveðju.

Vilmundur Kristjánsson.



© Vilmundur Kristjánsson

Nýir félagar f.v. Hrafn Andrés Harðarson, Pétur B. Guðmundsson, Andrés Sigurbergsson og Hlynur Sigurbergsson.



© Vilmundur Kristjánsson

Sævar Helgi Bragason, öðru nafni Stjörnu-Sævar.

Heiðurssjóður Guðrúnar Bjartar.
Munum eftir Heiðurssjóðnum, öll framlög í hann skipta máli.
Upplýsingar eru á skrifstofu Lions.

Lionsklúbburinn Eik styrkir flóttabörn frá Úkraínu

Þessa dagana erum við lionsfélagar í verkefnafundinni ásamt leiðbeinendum að taka móti börnunum í listasmiðju. Við erum með mjög góða aðstöðu í Urriðaholtsskóla. Þetta eru núna fjögur skipti í þessari lotu. Við eigum líka notalega stund með foreldrunum. Börnin eru farin að þekkja okkur og koma fagnandi inn í stofu til okkar og finnst voða gott að fá „ömmu“knús.

Verkefnið er framlag klúbbsins í að styrkja flóttabörn frá Úkraínu í að aðlagast og samlagast Íslandi og Íslendingum. Lionsklúbburinn sótti um og fékk styrk frá LCIF foundation til að veita börnum á flótta félagslegan og sálrænan stuðning.

Við höfum fengið til liðs við okkur leiðbeinendur frá Arnarvængjum og leiðbeinum börnunum í gegn um listsköpun.

Lionsklúbburinn hefur fengið þakkir og hrós frá ráðuneyti, frá Garðabæ frá íbúum í Garðabæ, mjög margir hafa svo styrkt okkur með fjárframlögum.

Alltaf skín gleðin úr andlitum barnanna í hvert skipti sem þau koma og það er mest um vert.

Stundin endar alltaf með hressingu og spjalli. Þetta eru 4 vikna námskeið.

Við fengum ábendingar um m.a. tækjakaup fyrir þau. Að spjaldtölvur gætu styrkt þau félagslega og gert þeim kleift að halda í tengslin við Úkraínu og styrkja þau í móturmálskennslu.

Við urðum við beiðninni og afhentum þeim spjaldtölvur í september.

Við vorum svo heppin að Alþjóðaforseti Lions Brian Sheehan og Lori kona hans voru í heimsókn hér á landi og komu til okkar við afhendinguna.

Við vinnum svo áfram að verkefninu og verðum í samvinnu við verkefnastjóra flottafólks í Garðabæ. Það er svo gott að leggja lið í Lions



Lionsklúbbur Grundarfjarðar

Sælreitur Lions

Það var í ársbyrjun 2022 sem sú hugmynd kviknaði hjá formanni Lkl. Grundarfjarðar, Guðmundi Pálssyni, að setja á fót nefnd til að undirbúa og koma í verk plöntun trjágróðurs í bæjarlandinu og skyldi reitur sá er plantað yrði í heita Sælureitur Lions. Áður en leið á löngu hafði formaður í samvinnu við skipulagsyfirvöld fundið stað fyrir slíkan reit í bæjarlandinu á stað sem gengur undir nafninu Paimpolgarður í virðingarskyni við vinabæ Grundarfjarðar Paimpol í Frakklandi. Er þetta all stór reitur ofan til í byggðinni, þar sem áður var svo kölluð Steintjörn en hún var síðar þurrkuð upp að mestu og gerð að grænu svæði. Erindi var sent á bæjarstjórn sem leist vel að verkefnið og setti í gang skipulagsvinnu til að finna trjáræktinni stað í garðinum. Á meðan

sú vinna var í gangi sat formaðurinn ekki auðum höndum en sótti um styrk í sjóð að vegum Skógræktarinnar sem nefndur er Vorviður og fékk þar úthlutað 500 þúsund króna styrk til plöntukaupa. Þegar fyrir lá skipulag og staðsetning gróðurreita í garðinum sem og tegundagreining hófst formaður handa við að leita tilboða í plöntukaupin og náði að lokum samningum við trjáplöntusöluna Mörk í Ölfusinu.

Verkið hafið

17. ágúst var hafist handa við að undirbúa reitinn sem plantað skildi í. Þeir sem leitað var til utan klúbbsins brugðust vel við og lánuðu tæki og tól til að fletta burt grasrót og síðan tæta röstina sem gróðursett yrði í. Í þakk-lætisskyni ákvað fyrsti fundur lionsklúbbsins

nú í haust að bjóða viðkomandi tækjaeigendum á næsta Kúttmagakvöld Lions árið 2023. Laugardaginn 20. ágúst voru plönturnar komnar á staðinn og hafist handa við gróður-setninguna og var lokið við að ganga frá plöntunum með tilheyrandi stuðningsráðum daginn eftir sunnudaginn 21. ágúst. Gróður-settar voru um 200 plöntur af ýmsum tegund-um. Nú bíða lionsmenn og aðrir íbúar spenntir eftir hvernig plönturnar muni koma undan sínum fyrsta vetri. Og þá verður árangur metinn og teknar ákvarðanir um framhaldið því nóg er pláss í garðinum með franska nafnið.

*Fh. Lionsklúbbs Grundarfjarðar
Gunnar Kristjánsson*



Sælureiturinn eftir að búið var að gróðursetja og setja stuðning við stærstu plönturnar fyrir var skjólbeltið sem sést á mörkum garðsins. Röstin sem nú var gróðursett í er um 70 metrar alls.



Lionsfélagar önnum kafnir við gróðursetningu og frágang plantna

Lionsklúbburinn Fjölur

Félagar úr Lionsklúbbum Fjölni fóru í byrjun september í heimsókn suður í Krýsuvík og hittum forsvarsmenn heimilisins. Skoðuðum aðstæður og fengum upplýsingar um það hvað vantaði helst. Var þar efst á blaði endurnýjun rúmdýna vistmanna því þær væru úr sér gengnar. Samþykkti klúbburinn að kaupa nýjar dýnur sem kosta tæplega 1200 þúsund krónur og verða þær afhentar fljótlega. Aðrar óskir eru til frekari athugunar.

Þá hefur verið unnið að því að fjölga í klúbbum og voru 4 nýir félagar teknir inn á fundi klúbbsins 25. október og er von um að fá fleiri fljótlega.

Markverðast er að einn af þessum fjóru nýju félögum er blindur og er hann líklega fyrsti blindi maðurinn sem gengur í lionsklúbb.

Þá má geta þess að Lionsklúbburinn Fjölur keypti fyrsta leiðsöguhundinn fyrir blinda sem var fluttur til landsins. Var það árið 1957 og færði klúbburinn Gunnari Guðmundssyni hundinn og vakti það athygli þegar Gunnar var úti að ganga með hundinn. Sagði Gunnar að hundurinn hefði þjónað sér vel og dyggilega í sjö ár en þá varð að svæfa hann vegna ólæknandi sjúkdóms sem hrjáði hann. Gunnar sá alltaf eftir hundinum og kvaðst vera þakklátur Lionsmönnum fyrir að hafa gefið sér hann.



Sykursýki

Það er nú orðið vel þekkt að sykursýki af tegund 2 er vaxandi vandamál í heiminum öllum. Það er þó farið að hægja á greiningu nýrra tilfella á vissum svæðum eins og í hinum vestræna heimi en heildarfjöldinn sem býr við þennan langvinna sjúkdóm er þó enn að aukast. Er það meðal annars vegna framfara í meðferð sem hefur haft þau áhrif að fólk lifir lengur en áður og þá stundum með flókna og erfiða fylgikvilla. Heildarbyrði þjóðfélagsins er þannig að aukast. Lionshreyfingin leggur hér lið eins og við vitum. Þó við þekkjum öll dæmi um að beinar blóðsykurmælingar hafi svipt hulunni af ógreindri sykursýki einstaklinga er ekki síður mikilvægt að fræða og vekja athygli almennings og ráðamanna með fjölbreyttum hætti – ágætt að nota alþjóðadaginn 14. nóvember í það.

Flestir tengja þennan sjúkdóm við óhollt mataræði, hreyfingarleysi og ofþyngd á fullorðinsárum. Það er vissulega rétt að ofþyngd er stærsti breytanlegi áhættuþátturinn og það hefur reynst mögulegt að koma mörgum í sjúkdómshlé sé tekið harkalega á þessum málum. En ef grannt er skoðað kemur í ljós að flestir einstaklingar sem eru of þungir fá ekki sykursýki og ekki eru allir með sykursýki of þungir eða lífsstíllinn í molum. Undir samnefnaranum sykursýki 2 leynast þannig ýmis sérstök afbrigði með misjafnlega flóknar erfðafraeðilegar orsakir – ættarsagan skiptir hér höfuðmáli. Það er því réttara að tala um sjúkdómshlé frekar en lækningu ef vel tekst til með lífsstílsbreytingar eða aðra meðferð í dæmigerðri sykursýki af tegund 2.

Sykursýki af tegund 1 er sjálfsöfnæmissjúkdómur sem þýðir að líkaminn hefur brugðist við utanaðkomandi áreiti með myndun mótefna

sem síðan taka þátt í að eyðileggja vissar frumur líkamans hratt og örugglega. Við vitum ekki hvað það er í umhverfinu sem hleypir þessu ferli af stað og fæstir gera sér grein fyrir því að þessi sjúkdómur getur greinst hvenær sem er ævinnar. Nýgengi (fjöldi sem greinist á ákveðnu tímabili og aldri miðað við höfðatölu) er svipað fyrir tvítugt og um 70 ára aldur. Hér hafa einnig orðið gríðarlegar framfarir í meðhöndlun þó ekki sé hægt að koma fólki í sjúkdómshlé eða lækna þessa tegund sykursýki. Þetta eru bæði tæknilegar framfarir og framfarir hvað varðar hvernig best er að þjónusta einstaklingana svo ná megi árangri. Allt eru þetta kostnaðarsamar framfarir sem lækka dánartíðni en það þýðir að nú lifa æ fleiri fullorðnir með þennan sjúkdóm áratugum saman, gjarnan með marga virka fylgikvilla sem hægt er að halda misjafnlega vel í skefjum. Þetta þýðir þannig mikla og langvinna sjúkdómsbyrði fyrir einstaklingana en einnig geysilega mikinn kostnað fyrir þjóðfélagið. Það er því umhugsunarefni að heyra um nýjar rannsóknir sem spá því að fjöldi þeirra sem lifa með sykursýki 1 muni allt að tvöfaldast á næstu 20 árum en yfirgnæfandi meirihluti þessara einstaklinga verða fullorðnir. Þetta er nokkuð sem mikilvægt er að vekja athygli á núna því heilbrigðiskerfi okkar er engan vegin undirbúið fyrir þennan fjölda. Hér er hægt að leggja lið!

Jón Bjarni Þorsteinsson

Leiðtogaskóli Lions 20 ára

Halldór Kristjánsson

GLT MD109, LCIP



Leiðtogaskóli Lions, RLLI, hefur nú verið Lstarfræktur hér á landi í nærfellt 20 ár og hafa vel á sjötta hundrað Lionsfélaga sótt Leiðtogaskólann frá upphafi. Að mestu er byggt á efni frá alþjóðaskrifstofunni sem er þýtt og aðlagð en einnig eigið innlent efni.

Námskeiðið veitir þátttakendum mjög gagnlega þekkingu á atriðum sem styrkja þá sem einstaklinga jafnt í starfi sem félagsmálum. Það hentar því vel þeim sem vilja taka að sér ábyrgðarstörf innan Lions eða í vinnu.

Næsta námskeiðið verður haldið 17., 18. og 19. febrúar 2023 kl. 9:00-16:30. Námskeiðið er staðnámskeið og verður haldið í Lionsheimilinu, Hlíðarsmára 14, Kópavogi.

- **Opnun:** Dagskráin og vinnureglur kynntar. Farið í hópverkefni og ísbrjóta til að auka kynni þátttakenda og mynda jákvætt námsumhverfi. Á námskeiðinu vinna þátttakendur verkefni saman og skila skýrslu um það í lok námskeiðs. Verkefni og hópaskipting eru ákveðin fyrir námskeiðið og afhent þátttakendum til undirbúnings og vinnslu.
- **Fjölbreytileiki:** Fjallað er um víddir fjölbreytileika og þann ávinning sem hann getur veitt klúbbum. Þátttakendur munu læra aðferðir til að sigrast á áskorunum og leiðir til að skapa andrúmsloft sem styður við fjölbreytileika.
- **Bakland Lions:** Farið er yfir sögu samtakanna, meginreglur og uppbyggingu og þátttakendur ræða kosti aðildar.
- **Að virkja og hvetja:** Þessi lota er um að kanna persónulegar þarfir, hvata og greina aðferðir sem geta leitt til, eða komið í veg fyrir, áhuga og virkni.
- **Að setja og ná markmiðum klúbbs:** Lögð er áhersla á gildi þess að setja markmið fyrir klúbbstarfið og fjalla um leiðir til að ná markmiðum með markvissum aðgerðum og aðferðum.
- **Þátttaka í teymi:** Þátttakendum eru kynnt einkenni skilvirkra teyma og hvernig árangursrík teymi verða til og þróast.
- **Eigin markmiðasetning:** Þátttakendur eru leiddir í gegnum röð athafna sem hjálpa þeim að þróa sína eigin markmiðsýfirlýsingu.
- **Tímastjórnun:** Farið er yfir mikilvægi tímastjórnunar, fjallað um hindranir sem geta gert tímastjórnun erfiða og skilgreindar aðferðir sem hjálpa þátttakendum við að yfirstíga þær hindranir.
- **Áhrifaríkur ræðuflutningur:** Kennt er að búa til ramma til að undirbúa ræður og gefnar leiðbeiningar um skilvirkan ræðuflutning með umræðu og æfingum.
- **Skapandi hugsun:** Kennt er að virkja og styrkja leiðtoga-hugsun, læra aðferðir sem efla sköpunarkraftinn og þjálfa skapandi hugsun.
- **Virk hlustun og samskipti:** Kennd eru helstu atriði samskiptafærni og hvernig virk hlustun getur komið í veg fyrir misskilning í samskiptum.
- **Að leysa ágreining:** Kennt er að meta ástæður ágreinings og rétt framkoma og aðferðir við lausn ágreinings.
- **Innleiðing breytinga:** Kennt er að greina þörf fyrir breytingar, vinna þeim fylgi og árangursrík innleiðing breytinga.

Náminu lýkur með mati og afhendingu viðurkenningarskjals frá LCI. Skráning á námskeiðið fer fram á netinu <https://forms.office.com/r/CcJqpUvTub> en einnig er hægt að hringja í Halldór Kristjánsson í síma 520 9000 til að skrá sig til náms.

Minning + Gissur Júní Kristjánsson



Fallinn er frá, einn okkar góðu félaga, Gissur Júní Kristjánsson. Gissur gekk til liðs við lionshreyfinguna í október 1980, þegar hann kom inn í hóp okkar í Lionsklúbbi Hafnarfjarðar. Hann varð fljótt meðal öflugustu félaga klúbbsins og tók frá upphafi virkan þátt í öllu starfi hans og gerði það af mikilli samvissusemi. Gissur var löglærður maður og naut Lionshreyfingin þekkingar hans er hann tók að sér formennsku í laga-

nefnd íslenska fjöllumdæmisins. Gissur var eftirtektarverður hvar sem hann fór, hann var hár, herðabreiður og mikill á velli. Hann var fljótur að mynda sér skoðanir og óhræddur við að setja þær fram. Í störfum sínum fyrir klúbbinn var hann kosinn til allra helstu starfa í klúbbum og kom í mörg ár fram fyrir hönd klúbbsins á skemmtikvöldum fyrir eldri borgara í Hafnarfirði. Gissur var sæmdur öllum helstu viðurkenningum klúbbsins fyrir störf sín. Hans verður sárt saknað og eigum við félagarnir eftir að minnast hans um ókomin ár. Að lokum vil ég votta aðstandendum Gissurar okkar dýpstu samúð.

Fyrir hönd Lionsklúbbs Hafnarfjarðar
Halldór Svavarsson

Hugleiðing frá formanni Lionsklúbbs Akureyrar

Jónas Þór Karlsson

formaður Lionsklúbbs Akureyrar



Er Lionshreyfingin í útrýmingarhættu?

Í nokkur ár hefur verið mikil umræða um það að fjöldi félaga í hreyfingunni fer hratt niður og illa gengur að bæta í félagafjöldann. Þetta hefur verið margumtalað á hinum ýmsum sviðum í Lionshreyfingunni á Íslandi.

Í Lionsklúbbi Akureyrar erum við einnig í þessari stöðu. Síðan undirritaður gekk í klúbbinn árið 2018 hafa nokkrir aðilar yfirgefið klúbbinn en meirihlutinn af þeim félögum sem hafa yfirgefið klúbbinn urðu fyrir manninum með ljáinn. Meðalaldur klúbbsins er ansi hár og er formaður klúbbsins yngsti félaginn en hann er rétt tæplega 32 ára gamall en elsti félaginn er 81 árs. Nú á vormánuðum er áætunin að halda Lionsþingi á Akureyri og til stóð að Lionsklúbbur Akureyrar yrði einn af gestgjafaklúbbunum að þinginu ásamt öðrum klúbbum á svæðinu. Því miður gekk mjög illa að manna í þær nefndir sem koma að undirbúningi þingsins en vegna þessa var ákveðið að klúbburinn dragi sig út úr þessu hlutverki og komi þess vegna því miður ekki að undirbúningi þingsins að sinni. Þetta var erfið ákvörðun fyrir stjórn klúbbsins en stjórnin taldi að annaðhvort ætti klúbburinn að taka almennilega þátt eins og hann hefur gert í öllum verkefnum hingað til, eða þá frekar að segja sig frá verkefninu.

En hvað þýðir þetta um stöðu klúbbsins? Það var mjög erfið fyrir formann klúbbsins að skrifa bréf til formanns þingnefndar um að klúbburinn myndi draga sig út úr undirbúningnum að sinni. Undirritaður tók við formennsku í klúbbnum á starfsárinu 2021-2022 og er þetta því annað starfsár þessarar stjórnar. En brugðið hefur verið á það ráð að sitja lengur til þess að auðvelda það að manna stjórn klúbbsins sem hefur reynst þrautinni þyngra. Þegar undirritaður tók við formennsku var staðan í félagamálum rædd og sagði undirritaður

að hann ætlaði ekki að verða sá formaður sem leggur niður Lionsklúbb Akureyrar og bindi þar með enda á störf þess klúbbs sem hefur verið unnið alveg síðan 10. mars árið 1956. En með því að þurfa að segja sig frá því að standa að undirbúningi þings ásamt öðrum klúbbum á svæðinu, telur stjórnin að fyrsta skrefið í þá átt að leggja klúbbinn niður hafi í raun verið tekið. Það er síðan undir klúbbfélugum komið að ákveða hvort frekari skref verði tekin eða hvort að reyna eigi að stöðva þessa för klúbbsins og reyna að snúa henni við. Til að klúbburinn lifi af þarf hann náttúrulega að vinna í sínum málum sjálfur en skiptir máli hvernig landshreyfingin tekur á málunum?

Svarið við þeirri spurningu er stórt JÁ! Klúbburinn hefur til dæmis boðað umdæmisstjóra á fund til þess að ræða þessa stöðu og hvað landshreyfingin hefur hugsað sér að gera til þess að styðja við brothaetta klúbba. Við hlökkum mikið til þess að taka á móti umdæmisstjóranum á fundi hjá okkur og ræða þessi mál. En hvað getur landshreyfingin gert?

Það er ekkert einfalt svar við því. En á þeim tíma sem undirritaður hefur verið hluti af Lions hefur hann fengið að kynnast hreyfingunni hratt samhliða því að vinna sig hratt upp í eigin klúbbi. Undirritaður tók eftir því mjög fljótlega að það er margt sem þarf að skoða í Lionshreyfingunni. Eitt af því er að Lionshreyfingin virðist vera föst í gömlum og úreltum gildum og hafi einfaldlega ekki fylgt nútímanum nægilega vel. Á síðasta Lionsþingi í Hveragerði heyrðist til aðila sem er hátt settur í hreyfingunni ræða það að grasrótin og almennir félagar tjáðu sig lítið á þingum hreyfingarinnar. Undirritaður telur sig vita stóran hluta af ástæðunni fyrir því hvers vegna það er. Ef horft er á hópinn sem oft (af hvoru öðru) eru kölluð „kanónur“ í hreyfingunni o.þ.h. þá er alltaf um að ræða sama fólkið. Það virðist vera þannig að skapast hefur vinahópur, sem margir almennir félagar kalla elítu, sem stjórnar hreyfingunni og hefur gert mjög lengi. Á þingum í hreyfingunni eru þessir aðilar mjög gjarnir á að hrósa hvert öðru í hástert en það gefur mörgum almennum félögum þá tilfinningu að þeir geti hreinlega ekki komið með neina gagnrýni eða tillögur því þá myndi það jafnast á við guðlast. Þetta er mjög bagalegt og sýnir það mjög greinilega að gjá er á milli landshreyfingarinnar og klúbba í landinu. En hvernig getum við lagað þetta? Það er í raun mjög einfalt. Skipta þarf út mörgum af þessum aðilum og leyfa nýjum að komast að. Rætt var um það á síðasta þingi að illa gengi að mynda stöður í landshreyfingunni vegna þess að „það var ekki búið að búa til nógu marga aðila sem gætu tekið þessar stöður að sér“ eins og það

var orðað. Það er fullt af hæfu fólki til í allri hreyfingunni sem gæti tekið þessi embætti að sér en sem mögulega hafa ekki áhuga á því vegna þess að þeim finnst það kannski ekki eiga möguleika á því að komast inn í elítuna. Eins og nefnt var aðeins ofar virðist vera gjá milli klúbba og landshreyfingarinnar en það er mjög slæmt í félagasamtökum eins og Lions. Undirritaður var áður í störfum hjá öðru félagi sem er með starfsemi á landsvísu en er skipt niður í deildir á starfssvæðum. Þar var lögð mikil áhersla á það að þetta væri eitt félag og beittu landssamtökin sig fyrir því að samstarf á milli deilda yrði meira. Eina hættan í þannig starfsemi er að miðstýring úr höfuðborginni verði of mikil en svoleiðis er algjört eitur í starfsemi klúbba og þarf að stíga varlega til jarðar í þeim málum. En það er klárt mál að landsfélagið þarf að taka sig á í þessum málum og bæta tenginguna við klúbba.

Einn hluti sem að hefur stoppað suma aðila í því að gerast félagar í Lions eru félagsgjöldin. En margir setja spurningarmerki við það í hvað peningarnir fara. Um er að ræða bæði alþjóðleg og innlend gjöld, en upphæðirnar eru í rauninni skuggalegar þegar litið er á hvað hver félagi greiðir. Auðvitað er einhver umsvýslukostnaður, en til samanburðar við til dæmis rauða krossinn á Íslandi, þá er félagsgjaldið 3.900 kr. fyrir árið. Margir sem eru að spá í félagsaðild veigra sér við því að ganga í Lionshreyfinguna vegna þess að þeim finnst of mikill kostnaður fara í yfirbyggingu og er það alveg orðið tímabært að hreyfingin taki sjálfa sig til skoðunar og íhugi hvar er hægt að spara svo meiri peningar geti farið í mannúðarstörf og minni í yfirbyggingu.

Í upphafi var spurt: Er Lionshreyfingin í útrýmingarhættu?

Svarið er já. Ef ekkert er að gert er mikil hættan á því að Lionshreyfingin geti lagst af. Það þarf að vera samstillt átak klúbba, umdæma og fjöllumdæmis. Sambandið milli alla þessa aðila þarf að vera gott og þurfa allir þessir aðilar að vinna saman. Það er eina leiðin til þess að bjarga hreyfingu sem virðist vera dottin í sundur. Fjöllumdæmið þarf að koma á fót einhverskonar viðbragði til þess að bjarga brothaettum klúbbum og taka þátt í að skapa lífsvon fyrir þá. Það virðist einnig vera þannig að fjöllumdæmið vilji helst reyna að fjölga klúbbum en við í Lionsklúbbi Akureyrar teljum það vera mjög markviss leið í því að skapa enn veikari klúbba sem leggjast síðan af á stuttum tíma. Frekar ætti að sameina klúbba og auka samstarf milli klúbba til þess að reyna að skapa sterkari klúbba og hreyfingu sem þá einnig hefur enn meiri slagkraft í sínum nær samfélögum og geta staðið undir markmiðum og nafni Lions.

Brosur við sjóninni

Eftir: Elizabeth Edwards



Sjón er eitt af dýrmætustu skynfærum okkar. Það gerir okkur kleift að tengjast betur augnablikunum í lífinu og hvert öðru.

Tvíburarnir Kaya og Alime fæddust fyrir tímann og báðir með augnsjúkdóm sem kallast sjón kvilli fyrirbura og þurftu meðferð til að vernda sjónina og koma í veg fyrir blindu.

Þökk sé umönnun augnlækna á fyrsta og eina barnspítalanum í landinu er meðferð Kaya lokið og hann er heilbrigður. Alime heldur áfram meðferð á sjúkrahúsinu.

Tvíburarnir eru aðeins tvö dæmi um meira en 15.000 börn sem munu njóta góðs af sjónverndarverkefni Izmir Pergamon Lionsklúbbsins árlega með frá stuðningi frá Lions í Umdæmi 118R og jöfnunarstyrk frá Alþjóða hjálparstöði Lions (LCIF). <https://e-clubhouse.org/sites/izmirpergamon/>

Pegar Lions í Tyrklandi frétti að augnlæknastofan í samfélagi þeirra þarfnast viðbótarbúnaðar, leituðu þau til LCIF til að fá aðstoð og fengu jöfnunarstyrk fyrir 10.050 Bandaríkjadali. Með styrktarsjóðnum var keyptur háþróaður augnbúnaður til greiningar á augnheilsu og meðferðar á augnsjúkdómum barna og ungbarna.

Heilsugæslan er staðsett í Izmir á Dr. Behcet rannsóknar- þjálfunar- og skurðsjúkrahúsinu í barnasjúkdómum, fyrsta og eina sinnar tegundar í Tyrklandi.

Tíðari notkun barna á spjaldtölvum og gsm sínum í heimsfaraldrinum jók einnig sjónvandamál. Þar sem fleiri börn höfðu óskýra sjón þurftu viðbótarbúnað til að mæta þörfum samfélagsins.

Í gegnum verkefnið vakti Lionsklúbburinn í Izmir einnig athygli á mikilvægi reglulegrar augnskoðunar fyrir ungbörn og börn almennt.

„Augnheilsa er vanmetin um allan heim og nauðsynlegar varúðarráðstafanir vegna fyrirbyggjandi sjónskerðingar eru því miður ekki nægjanlegar,“ segir Faika Evrim Uysal, framkvæmdastjóri verkefnisins. „Við lionsfélagar tökum við þetta mál mjög alvarlega. Stundum getur verkefni aukið vitund og verndað og bætt augnheilsu fleiri.“

Nauðsynlegt er að styðja við aukna augn umönnun barna vegna þess að hnignun augnheilsu barna getur haft áhrif á árangur þeirra í skóla og framtíð.

Frá og með haustinu 2022 í Tyrklandi munu Lions í samtarfi við augnlækna byrja að skima fyrir augnsjúkdómum með færanlegum augnbúnaði í skólum. Búnaði sem keyptur var fyrir söfnunarfé lionsfélaga og jöfnunarstyrkt frá LCIF. Ef skimunin gefur til kynna að barn þurfi á frekari á rannsókn að halda verður því vísað til heilbrigðisstarfsmanns.

„Til þess að gera samfélag okkar heilbrigðara, meðvitaðra, sjálfbærara og hamingjusamara, sem umdæmi 118 R Lions, tökum við að okkur verkefni sem auka lífsgæði og heilsu ungbarna, barna og kvenna; og við gerum þetta allt saman,“ segir Teoman Akcali, fráfarandi umdæmistjóri.

Lionsfélagar í Izmir kalla verkefnið SMILE vegna þess að þau eru staðráðin í að fá einhverja til að brosa með því hjálpa fleirum að halda heilbrigðri sjón. Þau vonast til að verkefnið stækki í framtíðinni. Fyrir verkefnið bjuggu þau meira að segja til sérstakt lukkudýr, sem kallast Lionopticool, lítið fyllt Ljón, til að hjálpa til við að gera börnum sjónskimunina auðveldari.



Allt frá því að Helen Keller hvatti Lions til að verða „*Riddarar hinna blindu í krossferð gegn myrkrinu*“ árið 1925 hafa lionsfélagar þjónað og talað fyrir málstað blindra og sjónskertra. Á heimsvísu lifa u.þ.b. 2,2 milljarðar manna við sjónskerðingu. Hægt hefði verið að koma í veg fyrir að minnsta kosti 1 milljarð þessara tilfella, samkvæmt Alþjóðaheilbrigðismálastofnuninni.

Nærri öld síðar heldur þetta langvarandi verkefni áfram.

Viltu vita meira hvernig stuðningur þinn við LCIF getur hjálpað til við að fá barn til að brosa: [LCIF.org/vision](https://www.lionsclubs.org/en/blog/a-smile-for-sight).



Hér er hlekkur á greinina í heild.

<https://www.lionsclubs.org/en/blog/a-smile-for-sight>

Þýðing: Anna Blöndal

September – myndasíða

- Bryndís Ragnarsdóttir
- Friðgeir H. Guðmundsson
- Guðmundur Jónsson Lionsklúbbnum Bjarma







Leiðtogaskóli Lions 2023 – Fyrir þig!

Vertu sterkari einstaklingur og leiðtogi!

„Nauðsynlegt er fyrir alla að virkja leiðtogann í sér. Leiðtogar eru ekki endilega stjórnendur, en leiðtogar spyrja spurninga og taka engu sem gefnum hlut.“

Lee Warren kennari við Harvard háskóla í Bandaríkjunum



Leiðtogaskóli Lions 2023

Tími: 17.-19. febrúar 2023, þriggja daga helgi

Staður: Lionsheimilið, Hlíðasmára 14, Kópavogi

Verð: Þátttökugjald er 25.000,-
Innifalið er kennsla, námsgögn, matur og kaffi auk viðurkenningarskírteinis að námi loknu. Innifalinn er kvöldverður á laugardeginum fyrir þátttakendur (makar velkomnir á kostnaðarverði).

Mörg stéttarfélög endurgreiða hluta þátttökugjalds eða allt.

Umsóknarfrestur til 11. febrúar 2023

Umsóknum svarað ekki seinna en 13. febrúar 2023

Þátttakendur: Allir Lionsfélagar geta sótt um, bæði reyndir og óreyndir félagar á öllum aldri, stjórnendur klúbba og hreyfingarinnar. *Námið hentar sérstaklega vel viðtakandi klúbbsjórnun.* Þetta er mjög þroskandi nám sem eflir þig sem einstakling og starfsmann.

Hámarksfjöldi: 30 manns.

Marmið námsins: Að þjálfva einstaka leiðtogahæfileika og -aðferðir til að yfirstíga hindranir og búa til tækifæri til framfara.

Kennt er íslenskað efni sem Lions Clubs International hefur útbúið fyrir leiðtogapjálfun (Leadership Development) fyrir Leiðtogaskólann (á ensku: RLLI).

Helstu námsgreinar: Fjölbreytileiki//Að virkja og hvetja//Þátttaka í teymi//Markmiðasetning//Að leysa ágreining//Innleiðing breytinga//Áhrifaríkur ræðuflutningur//Bakland Lions//Tímastjórnun//Virki hlustun og samskipti//Eigin markmiðsyfirlýsing//Skapandi hugsun

Nánari upplýsingar og skráning hjá Halldóri Kristjánssyni, GLT stjóra, sími: 893 0090, halldor@tv.is og Jóni Pálmasyni, jp@verkis.is.

Umsókn um þátttöku og nánari upplýsingar um námið má finna á slóðinni <https://forms.office.com/r/GcJqpuvtub>.

Vertu stjórnandi framtíðar!

**Náðu árangri! ... Vertu í fararbroddi í samfélaginu!
Gerðu eitthvað í málunum – vertu öflugt tannhjól í gangverkinu.**

Minning + Kristín Þorfinnsdóttir



Að vera með hjartað rétt staðsett, til staðar fyrir þá sem þarfnast hjálpar og ekki síst að vera reiðubúin til að fórna sínum tíma og kröftum í þeirra þágu. Slík eru einkenni hins dygga og trausta lionsfélaga. Hún Kristín okkar bjó yfir þessum mannkostum í ríkum mæli. Gleðigjafi og hrókur alls fagnaðar var hún í senn. Viðmótið ávallt hlýlegt og framkoman heillandi. Vandfundin er sú manneskja sem lagt hefur meira

á sig en hún fyrir Lionsmálstaðinn. Kristín hafði að kjörorðum „ margar hendur vinna fislétt verk“ Þar vísaði hún til þess að gott samstarf og samheldni lionsfélaga væri það sem mestu máli skipti.

Frá barnæsku vissi ég að Kristín væri til. Við áttum sameiginlegt skyldfólk og sátum saman í fermingarveislum á árum áður. Mörg ár liðu án þess að við hittumst og fyrir nálægt 15 árum lágu leiðir okkar saman í gegnum verkefni og embætti fyrir lionsshreyfinguna. Það var mikil gæfa fyrir mig. Leitað var til hennar árið 2009 með að taka að sér embætti undæmissjóra Lions yfir hálfu landinu. Þrátt fyrir stuttan aðlögunartíma var hún fljót að tileinka sér aðalatriðin í því viðamikla embætti og stóð hún sig með mikilli þryði svo eftir var tekið. Síðar var Kristín í verkefnastjórn alþjóða hjálparsjóðs Lions, undæmisritari

og fleira. Öll þessi embætti kalla á að halda þurfi ræður í fjölmenni, það fórst henni afar vel úr hendi. Þegar hún kvaddi sér hljóðs, hlustuðu allir og heyra mátti saumnál detta. Þar kom til góður undirbúningur, réttsýni og ekki síst manngæska. Raddblærinn var hrifandi. Þegar litid eru um öxl verður mér betur ljóst hvað það voru mikil forréttindi að fá að starfa með Kristínu. Hún lagði gott til allra mála, átti gott með að lesa í fólk og var lagið að leysa úr málum með sinni manngæsku og sáttfýsi. Ef leitað var til hennar með að taka að sér verk var hún ávallt tilbúin og vann á við marga. Á hinn bóginn var það svo ef Kristín leitaði eftir samstarfsfólki, þá held ég að enginn hafi sagt nei, betri samstarfsfélagi var vandfundinn. Mörg samtölin átti ég við hana um hinar ýmsu hliðar mannlífsins, ég var ávallt margs vísari eftir.

Mestur og sárastur er missir Kidda, en þau hjónin voru afar samrýmd og áttu langa og farsæla sambúð. Þau þurftu engu að síður að takast á við mótlæti á lífsöngunni. Sannkallaðir höfðingjar heima að sækja. Missir Lionssamfélagsins á Íslandi er jafnframt mjög mikill og mikið hafa Emblurnar misst. Stórt skarð hefur verið höggvið.

Fyrir hönd Lionshreyfingarinnar á Íslandi þakka ég Kristínu Þorfinnsdóttur við leiðarlok fyrir ómetanleg störf í þágu Lions.

Ennfremur þökkum við Sigrún, Kristínu fyrir sérlega ánægjuleg og mannþætandi kynni. Innilegar samúðarkveðjur færur við Kidda og öðrum nánnum aðstandendum.

Kristófer Tómasson Fjölumðæmissjóri Lions á Íslandi

Lionsklúbbur Ólafsvíkur

Efla skóga með söfnun birkifræs

Mánudaginn 10. október tóku átta félagsmenn í Lionsklúbbi Ólafsvíkur sig saman og söfnuðu birkifræjum í Skógræktinni í Ólafsvík, samtals söfnuðu þeir félagar um 5 lítrum af fræi. Verkefnið er unnið í samstarfi við Skógræktarfélag Ólafsvíkur en eftir að hafa safnað fræjum tekur Skógræktarfélagið við þeim, þurrkar þau og hreinsar og þegar fræin eru tilbúin er þeim dreift aftur hér á svæðinu. Skógræktin og Landgræðslan hafa síðan haustið 2020 óskað eftir stuðningi sveitarfélaga og annarra hagsmunaaðila við að breiða út birkiskóga landsins. Átakið var formlega sett af stað af Guðna Th. Jóhannessyni, verndara verkefnisins, en með verkefninu vilja íslensk stjórnvöld taka svokallaðri Bonn-áskorun og þar með auka landgæði, efla jarðvegsauðlindina og styrkja byggð í landinu. Markmiðið er að þekja birkiskóglendis fari úr 1,5% landsins í 5% fram til ársins 2030 með öflugu átaki í söfnun og dreifingu á birkifræjum. Hægt er að safna fræjum frá miðjum september fram í miðjan október.



Húnaklúbburinn

Húnaklúbburinn er náttúruklúbbur Hungmenna, stofnaður árið 2016 í Húnaþingi vestra. Markmið hans er að tengja ungmenni við náttúruna með því að nýta blöndu af umhverfismennt og náttúrutengdri afþreyingu. Klúbburinn er samstarfsverkefni á vegum USVH, Selasetursins og íþróttá- og

tómstundafulltrúa Húnaþings vestra. Klúbburinn hefur verið í samskiptum við erlenda unglinga og fyrir stuttu síðan voru staddir hér finnskir unglingar að endurgjalda heimsókn Húnaklúbbsins til Finnlands. Eitt kvöldið buðu Húnaklúbburinn og Lionsklúbburinn Bjarni Finnunum og íbúum Húnaþings vestra í súpu

í Félagsheimilinu á Hvammstanga. Hátt í hundrað manns mættu í mat. Var þessi viðburður í tölfní af þátttöku Húnaklúbbsins í verkefninu; „Leiðin að rótunum“, „Back to the roots“.

Guðmundur Jónsson Lkl Bjarna





Eirarkonur í strætó

Vetrarstarfið er hafið af fullum krafti. Er starfsáætlunin þannig uppbyggð að fyrri fundur mánaðarins er haldinn í félagsheimilinu að Hlíðasmára en seinni fundurinn vettvangs-fundur þar sem haldið er úr húsi og fræðst um menningu, listir og umhverfi. Klúbbfélögum til upplýtingar og skemmtunar.

Skemmtifundur í Hveragerði

Seinni fundur októbermánaðar var haldinn mánudaginn 19. okt sl. Þá var á dagskrá heimsókn í Hveragerði, nokkur fyrirtæki skoðuð og bragðað á framleiðslunni. Lengst var stoppað við á veitingastaðnum Ölverk, þar sem fram voru reiddar sex mismunandi tegundir bjórs með mismunandi innihaldi

bragðefna og alkóhóls. Eftir bjórsmakkið var svo rölt á hótél Örk og snæddur gómsætur kvöldverður.

En til að geta notið bragðlaukanna og kvöldverðarins var bryddað upp á þeirri nýng að nýta almenningsamgöngurnar milli Reykjavíkur og Hveragerðis.

Skemmtiferð með strætó

Eirarkonur fjölmenntu í Mjóddina og tóku hálfþing stæto í Hveragerði og tíustrætóinn til baka í Mjódd. Margar okkar höfðu ekki komið í strætó árum saman. En þessi leggur er ekinn í langferðabíl með öll helstu þægindi. Góð sæti, tengi fyrir usb svo hægt sé að hlaða símann eða ípadinn. Og það sem var kannski

best af öllu; við erum allar eldri borgarar og kostaði hvor leggur aðeins rétt rúmar 700 krónur.

Jóhanna Thorsteinson
Kynningarfulltrúi Lkl. Eirar



Minning † Kristín Þorfinnsdóttir



Emblusöngur:
Emblukonur, enn til starfa
aukum styrk vors tryggðabands.
Vinum okkar þjóð til þarfa
þjónum byggðum Íslands.
Sinum heilar hverju verki
huggum, líknum, eflum dáð.
Undir Lions mæta merki
mikil saga verði skráð.

Höf: Guðveigur Kjartansson

Það var líkt og drægi ský fyrir sólu þegar við Emblur fréttum af veikindum elsku Kristínar okkar. Fljótlega gerðum við okkur grein fyrir að baráttan yrði erfið.

Kristín gekk til liðs við Lionsklúbbinn Embla 1997 ásamt sex öðrum konum og það var sko engin venjuleg inntaka - þær mættu í strumpagöllum og voru búnar að semja brag sem þær fluttu mjög eftirminnilega.

Fljótlega varð Kristín ein af okkar öflugustu félögum og var alltaf mjög stolt af klúbbnum okkar. Hún var ötul við að hvetja okkur til starfa, að taka þátt í viðburðum og fræða okkur um málefni lionshreyfingarinnar. Kjörorð hennar var „Margar hendur vinna fislétt verk“.

Við eigum í förum okkar hugleiðingar Kristínar frá 2008 sem hún flutti okkur á fundi, þar stóð m.a.:

„Hvað er Lions fyrir mig?

Að vera Embla er eitthvað það besta sem ég hef gert fyrir sjálfa mig.

Ég er svo stolt af því að vera Embla.

Embla, klúbburinn minn er svo sérstakur fyrir mig – hvað er Embla annað en við sjálfar, þessar glæsilegu og flottu konur sem erum Emblur.

Af hverju er Lionsklúbburinn Embla svona sérstakur fyrir mig – þið.

Af hverju vekur klúbburinn okkar alltaf eftirtekt hvar sem við erum, fleiri en ein og fleiri en tvær – fyrir glæsileika okkar glaðværd og samheldni. “

Vegna dugnaðar Kristínar og elju í þágu okkar og lionshreyfingarinnar gerðum við hana að Melvin Jones félagi og sæmdum æðstu virðkenningu lionshreyfingarinnar á Íslandi, Kjaransorðunni.

Fyrir alla hennar elskusemi og væntumþykju þökkum við af allhug og munum minnast hennar með þakklæti og virðingu alla tíð.

Klukkan tímans tifa
telja ævistundir
ætið lengi lifa
ljúfir vinafundir.

Drottinn veg þér vísi
vel þig ætið geymi
ljósið hjart þér lýsi
leið í nýjum heimi.

H.A.

Hugheilar samúdarkveðjur til Kristins og annarra ástvina.

Fyrir hönd félaga í Lionsklúbbnum Embla.

Guðmunda, Guðríður, Ingibjörg Jóna, Sigríður K. og Sigurbjörg.

Lokafundi frestað til hausts

Lkl. Eir á ferð og flugi 3.september sl.

Eins og svo víða í klúbbum landsins er gjarnan haldinn lokafundur að vori með vettvangsferð. Valin er áhugaverður staður og klúbburinn heldur lokafund sinn á nýjum stað. Oft eru makar með í þessum ferðum. En mikilvægast er auðvitað að sem flestir klúbbmeðlimir séu með.

Lkl. Eir ákvað að fresta lokafundi og vorferð síðasta starfsárs til haustsins. Var það gert vegna þess að of margir félagar voru búnir að ráðstafa sér út og suður og sumir í vinnu og því gekk illa að ná öllum hópnum saman. En ein dagsetning hentaði öllum félögum og því gengið í að undirbúa ferðina.

Þann 3. september sl. mættu allir klúbbmeðlimir á bílastæðið við Hlíðasmára 14 og drifu sig upp í rútu sem beið okkar. Fyrst var ekið í Hveragerði þar sem einn félaginn beið og dreif sig um borð. Ekið var síðan áfram til Selfoss. Þar tók á móti hópnum Guðni Ágústsson fv. ráðherra og fræddi félagar um uppbyggingu hins nýja miðbæjar Selfoss. Framkvæmd sem að mati félaga hefur heppnast einstaklega vel.


Stjórnarskipti

Eftir ánægjulega og fróðlega göngu um miðbæjarsvæðið var haldið í Tryggvaskála þar sem félagar fengu sér hádegisverð. En að honum loknum fóru hin formlegu stjórnarskipti fram. Nýskipuð stjórn er þannig skipuð: formaður Þóra Bjarney Guðmundsdóttir, gjaldkeri Dagbjört Óskarsdóttir og ritari Sigrún Tryggvadóttir. Ekki er að efa að hvert sæti er vel skipað!

Áfram var svo haldið austur að Hellu, þar sem hellarnir í Ægisíðu voru skoðaðir undir frábærri leiðsögn. Síðan var ekið til baka í Hveragerði þar sem góður Lionsfélagi úr Lionsklúbbi Hveragerðis; Birgir Birgisson bauð okkur velkomnar í gróðurhúsið sitt. Kynnti hann okkur ræktun bleikrar „jólarósar“ í tilefni af bleikum októbermánuði og bauð upp á léttar veitingar.

Við nutum einmuna veðurbliðu og sannarlega tókst okkur að eiga bæði góðan dag og hrista hópinn vel saman fyrir vetrarstarfið sem fór í hönd.

*Jóhanna Thorsteinson
Kynningarfulltrúi Lkl. Eirar*



Lionsklúbburinn Sunna

Við hjá Lionsklúbbum Sunnu á Dalvík tókum að okkur það verkefni að auglýsa og setja upp bleikar slaufur í Dalvíkurbyggð fyrir Dekurdaga á Akureyri sem er aðalstyrktaraðili Krabbameinsfélags Akureyrar og gekk sú sala ljómandi vel.

8. okt er þjónustudagur Lions og fórum við Sunnukonur á Dalbæ með rjómapönnukökur og áttum þar dásamlega stund með heimilisfólki, mikið um söng og gleði.

11. okt var bleikt þema hjá okkur á fundi sem var líka vinkonufundur, virkilega skemmtilegt. Dagskránefnd hélt heljarinnar happdrætti og allur ágóði rennur til líknamála. Á næsta fund sem er í nóvember þá byrjar nú undirbúningur hjá okkur fyrir leiðisgreinar sem við seljum í desember. Núna eru 5 nýjar konur að kynna sér starf hjá okkur og gefum við þeim góðan tíma til að aðlagast og vonandi verða þær komnar í Sunnu á næsta ári.

*Hólmfríður Guðrún Skúladóttir
fregnaritari Sunnu*



Að vera fyrri til

Svavar Guðmundsson skrifar 23. ágúst 2019 13:32

„Heilsaðu öllum heima, þeim sem heldurðu að vilji muna eftir mér.“
Þetta er þekkt hending úr frægu viðlagi sem við flest þekkjum og lýsir hlýhug og vináttu.

Fólk heilsast og kveður að ólíkum sið eða venjum. Hvernig sem fólk heilsast, þá felur sú athöfn í sér einhverskonar virðingu.

Í athöfninni að heilsa felst mikilvægi virðingar í samskiptum; öll viljum við vera virt og vera auðsýnd tilhlýðileg virðing.

Að heilsast og vera heilsað er ein birtingamynd örllíftillar væntumþykju og virðingavottun.

Við höfum flest öll orðið fyrir vonbrigðum þegar okkur fannst að okkur hefði átt að vera heilsað af einhverjum sem okkur fannst skipta máli, en viðkomandi heilsaði ekki.

Eitt af því sem ég hef upplifað undanfarin ár sem lög blindur einstaklingur er hve margir nota sjónskerðingu mína til þess eins að sleppa því að heilsa mér.

Svo eru aðrir sem bera algjörlega af og kynna sig af fyrri bragði með sínu eigin nafni þegar þeir ávarpa mann, þetta er oftast fólk með yfirburða samskiptagreind en því miður upplifi ég það sem minnihlutahóp.

Það er eins og margt fólk álfíti blindan einstakling öðruvísi og að það þurfi eitthvað sérstakt umræðuefni þar sem maður er lög blindur til þess að nálgast mann.

Við erum ekkert öðruvísi; við heyrum, hugsum, tölum og skynjum, en við sjáum mjög illa eða ekki neitt. Það er því óþarfi að vera vandræðalegur eða feiminn því síst af öllu viljum við láta vorkenna okkur.

Ég hef verið í skírnar-, afmælis- og útskriftarveislum, í raun öllum tegundum af fagnaði. Ég er ekki í þessum veislum af því ég er ókunnugur fólkinu, en ég hef oft spurt einhvern nær kominn hvort hinn og þessi sé ekki eða hafi verið í veislunni? Jú, jú, allir voru þar en ég varð þess ekki áskynja því ég sé ekki fólkið og finnst því oft súrt í broti að hafa ekki verið heilsað af „vini“ eða ættingja.

Rúmu hálfu ári eftir að ég varð skyndilega lög blindur fór ég t.a.m. í skírnarveislu þar sem um hundrað manns voru mættir, ég sat einn á borði sem mér hafði verið fylgt að og var með áberandi sólgleraugu þar sem ég þoli illa birtu. Mér fannst skrýtið að enginn skyldi setjast við borðið mitt, blindi er ekki smitandi og ég var ekki með farsótt.

Ég held að 3-5 manneskjur hafi heilsað mér þrátt fyrir að ég hafi þekkt og vitað um mætingu helmings veislugesta. Mér leið hræðilega illa í þessari veislu, að sjá ekki þá sem ég þekkti og að vera ekki heilsað af þeim. Ég fór bitur og klökkur úr veislunni, laug því til að mér væri

illt í maganum, pantaði leigubíl og vildi engan við tala, fór bara heim til mín og lagðist upp í sófa.

Í dag er ég orðin vanari þessu, þ.e að vera einungis heilsað af broti minnihlutans, sérstaklega þegar fólkið með góðu samskiptagreindina kemst ekki til veislunnar. Það þarf hugrekki til að vera manneskja.

Þessu er oft algerlega öfugt farið í veislum þar sem áfengi er í boði - þá gefa sig flestir á tal við mann því hugrekkið var drukkið í sig af lífsins lyst.

Það er ekki gott fyrir sálina að vera hornreka í mannfagnaði. Maður upplifir sig afskiptan, á erfitt með að bæta úr því eða vera fyrri til að heilsa vegna blindunnar. Það getur oft fylgt sjónmissi einum og sér mikill einmannaleiki og því bætir það gráu ofan á svart að vera ekki heilsað og að vera sniðgenginn og hunsaður.

Við sem blind eða lög blind erum, einkennum okkur langoftast með hvíta stafnum eða barmmerki. Við skynjum umhverfið á okkar hátt og við getum hugsað, talað og heyrt og svo miklu meir en það.

Skilningsvitin okkar blinda/lög blinda fólksins eru í toppformi enda í toppæfingu, ólíkt alsjáandi fólkinu sem er sífellt að týna bíllyklunum sínum eða öðrum hlutum, blindir og sjónskerti týna barasta ekki hlutum!

Mér finnst það einnig oft æði sérstakt að þegar ég er með annari manneskju að hún er spurð fyrir mína hönd, t.d. ef ég er á kaffihúsi, hvernig kaffi vill hann, o.s.frv. Það er ábending til alsjáandi að spyrja blinda fólkið hvað það vill, ekki spyrja aðra þeirrar spurningar - það er tilfinningalegt taktleysi.

Ímyndaðu þér að flestir samferðamenn sem framhjá þér fara myndu aldrei heilsa þér; hvorki heilsa né kasta á þig kveðju, fyrir þig sem ert alsjáandi myndi það nú reynast frekar einmannalegt og tómlegt líf.

Þess vegna skiptir það okkur blinda/lög blinda fólkið gríðarmiklu máli að vera heilsað og við okkur talað, annars líður okkur eins og verið sé að hunsa okkur. Verum hugrökk.

Gott og nauðsynlegt er að segja til nafns þegar blindum/lög blindum er heilsað og auðvitað af fyrri bragði.

Sæll Svavar, þetta er Siggí frá Púfu.

Sæll Svavar, þetta er hún Guðrún frá Hóli.

Verum fyrri til og heilsum hvort öðru.

Höfundur er sjávarútvegsfræðingur og félagi í lionshreyfingunni.

Grein þessi var send inn í ritkeppni á vegum Blindrafélagsins í tilefni 80. ára afmæli þess þann 19. ágúst 2019.



Munið minningarkort Lions

Falleg minningarkort Lions fáanleg hjá öllum Lionsklúbbum og á skrifstofu

Lionshreyfingarinnar í síma 561 3122.

<https://www.lions.is/is/minningarkort>

EFLUM ÍSLENSKA HJÁLPARSJÓÐ LIONSHREYFINGARINNAR.

Fréttir frá Lionsklúbbum Úu



Eftir höft liðinna ára er von til þess að sjáist til betri tíðar. Samt var ótrúlegt hvað okkar klúbbur gat þó gert þegar smuga gafst. Síðasta vor tókum við félagamir rúnt um Reykjavíkurborg og gerðum stans á hinum ýmsu stöðum. Skoðuðum flottar sýningar. Meðal annars SHOPLIFTER Hrafnhildar Arnardóttur í Höfuðstöðinni, Náttúrusýningu og Íshellana í Perlunni og enduðum í Marshallhúsinu og skoðuðum það og fengum okkur þar góðar veitingar. Það þarf ekki alltaf að fara langt til að eiga góðar stundir.

Í júní er venja hjá klúbbfélögum að annaðhvort eru gróðursettar plöntur í Úlundinn

okkar eða teknar upp sjálfssáðar birkiplöntur sem settar eru í potta og þær láttnar vaxa svolítið áður en þær eru gróðursettar. Í sumar var farið í hina árlegu útilegu á Apavatn með Lionsklúbbi Mosfellsbæjar. Þar var tekinn golfhringur eins og venjulega og borðaður dýrindis matur að hætti karlklúbbsins. Haustið byrjaði vel með mánaðarlegum fundum. Á októberfundinum kom Ingrid Kulman og flutti skemmtilegt erindi um HUMOR. En það vakti mikla lukku hjá félögum.

Fyrir jólin í fyrra útbjuggu klúbbfélagar leiðisgreinar og seldu. Þar sem mikil umræða

er um loftlagsmál og kolefnisspor þá voru greinarnar hafðar vistvænar. Enda eru forráðamenn kirkjugarða að hvetja til þessa að notaðar séu lífrænar skreytingar sem settar eru á leiði þannig að ekki sé eins dýrt að farga þeim eins og þegar skreytt er með plasti en þá fer mikil vinna við að flokka og farga. Þetta var skemmtilegt verkefni sem fékk góðar undirtektir og verður endurtekið núna í desember.

Félaganefnd Lionsklúbbsins Úu

